
MINNISBLAÐ

TIL: SVEITARSTJÓRNAR**EFNI / TILEFNI: SKÝRSLA SVEITARSTJÓRA – MARS.****DAGSETNING: 8. MARS. 2019**

**Ráðning sveitarstjóra.
Samantekt að beiðni oddvita.**

Sveitarstjóra var falið ásamt oddvita að vinna að ráðningu nýs sveitarstjóra á janúarfundi sveitarstjórnar. Ákvörðunin var samhljóða í sveitarstjórn. Sveitarstjóri og oddviti höfðu samband við þrjú ráðningarfyrirtæki til að sjá um ferlið. Oddviti lagði áherslu á janúarfundinum að ráðningarferli sveitarstjóra verði sameiginlegt og opið verkefni allrar sveitarstjórnar.

Niðurstaðan var sú að Hagvangur var fengin til að sjá um ferlið fyrir hönd sveitarstjórnar Súðavíkurbrepps.

Í samráði við sveitarstjórn og með lokasamþykkt allrar sveitarstjórnar var auglýst eftir sveitarstjóra. Auglýst var í fréttablaðinu, visir.is, job.is og bb.is og í Vestfirðing.

Átján umsóknir bárust um stöðu sveitarstjóra. Hagvangur greindi þessar umsóknir og gaf þeim einkunn eftir styrk. Oddvitar beggja fylkinga í sveitarstjórn hittust síðan á fundi með Hagvangi, til að fara yfir tillögu Hagvangs að viðmælendum í atvinnuviðtal. Tillagan var um fimm viðmælendur. Í kjölfarið hittist sveitarstjórn föstudaginn 15. febrúar til að fara einnig yfir þessar tillögur.

Atvinnuviðtöl fóru fram mánudaginn 18. febrúar. Öll sveitarstjórn, ásamt fulltrúa Hagvangs sem leiddi viðtölin, tók þátt í viðtölunum. Tveir viðmælendur komu vestur í viðtal og hittu sveitarstjórn í fundarsal sveitarstjórnar, Álftaveri. Þrír komu til fundar við sveitarstjórn í gegnum fjarfundarbúnað.

Fyrirspurn frá fjölmiðlum barst sveitarfélaginu. Haft var samband við alla umsækjendur og þeir látnir vita af nafnabirtingunni. Í kjölfarið voru fimm umsækjendur sem drógu umsóknir sínar til baka.

Í kjölfar viðtala hélt Hagvangur áfram sinni greiningarvinnu á umsækjendum, ræddi við meðmælendur og framkvæmdi persónuleikapróf. Niðurstöðum sínum skilaði Hagvangur mánudaginn 25. febrúar. Niðurstaða Hagvangs, eftir ítarlegt ferli eins og hér hefur verið lýst, lagði Hagvangur til þrjá umsækjendur til

grundvallar. Kristinn H. Gunnarsson er metin hæfastur umsækjenda þriggja umsækjenda sem eftir stóðu.

Sveitarstjórn hittist á aukafundi vegna málsins 25. febrúar, þar sem greiningarvinna og niðurstaða Hagvangs var rædd. Sá fundur var bókaður í trúnaðarbók sveitarstjórnar.

Oddviti bauð sveitarstjórn upp á frekari skoðun á öllum gögnum málsins, umsækjenda og greiningavinnu Hagvangs dagana 26., 27., 28. febrúar og 1. mars í Álftaveri.

Oddviti boðaði síðan annan aukafund í sveitarstjórn laugadaginn 2. mars til að ræða ráðningarmál sveitarstjóra og freista þess að ná samræðu um mögulega niðurstöðu. Sá fundur var fyrir luktum dyrum sveitarstjórnar en fundargerð bókuð með venjubundnum hætti.

Á þeim fundi komu fram tvær tillögur, báðar frá Samúel Kristjánssyni. Fyrri tillaga fór fram á að sveitarstjóri sæti ekki fundinn sem fundarritari. Tillagan var felld af Steini Kjartanssyni, Elínu Gylfadóttur og Karli Guðmundi Kjartanssyni. Samúel Kristjánsson og Elsa Borgarsdóttir greiddu atkvæði með tillögunni. Seinni tillagan fór fram á að leynilegt atkvæðagreiðsla yrði framkvæmd í sveitarstjórn um ráðningu sveitarstjóra. Tillagan var samþykkt með atkvæðum Samúels Kristjánssonar, Karls Guðmundar Kjartanssonar og Elsu Borgarsdóttir. Gegn tillögunni greiddu atkvæði Steinn Ingi Kjartansson og Elín Gylfadóttir. Ráðning nýs sveitarstjóra Súðavíkurbrepps verður því ákveðin með leynilegri kosningu föstudaginn 8. mars.

Oddviti bókaði við sama tilefni hann hyggðist leggja það formlega við sveitarstjórn þann 8. mars að hæfasti umsækjandinn, samkvæmt faglegri niðurstöðu Hagvangs, verði ráðinn. Sá umsækjandi væri Kristinn H. Gunnarsson eins og áður hefur komið fram.

Vísitasía þingflokks Sjálfstæðisflokksins um Vestfirði

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur boðað komu sína til Súðavíkur laugardaginn 30. mars. Þingflokkurinn óskaði eftir kynningu á kalkpörungaverkefni inna af Langeyri. Kynningin verður frá 10:00 – 11:30.

Súðavík 7. mars. 2019



sveitarstjóri